Að smíða Ísland úr járni

– spjallað við hönnuðinn Georg Hollanders

Um nokkurra ára skeið hafa íslenskir listamenn og hönnuðir í ýmsum greinum lagt leið sína út á Dádýraeyju í Maine-fylki í Bandaríkjunum, til að taka þátt í sumarnámskeiðum Haystack-skólans og vera í nánum samvistum við bandaríska starfsbræður í ýmsum listgreinum. Til þess fá þeir styrki úr sérstökum sjóði sem Pamela Brement, þáverandi sendiherrafrú á Íslandi, kom á laggirnar í því augnamiði að auka samvinnu íslensks og bandarísks listiðnaðarfólks.

Sjálfur er Haystack-skólinn eins konar goðsögn fyrir ýmissa hluta sakir; staðsetningin er einstök, byggingarnar sérstakar og andrúmsloftið heillandi. Hafa íslenskir listamenn líkt skólanum við sérkennilegan blending af klaustri og hippanýlendu. En þeir eru á einu máli um að námskeiðin þar, svo og samvistir við kollegana, hafi gert þeim gott. Fleiri en einn hefur líkt þeim við hugljómun. Í sumum tilfellum hafa þau orðið til að innleiða í íslenskar sjónlistir ný vinnubrögð og viðhorf.

Í fyrrasumar fór til Haystack íslensk-hollenski listamaðurinn Georg Hollanders, en árið 1996 hlaut hann Menningarverðlaun DV fyrir listhönnun. Georg er búsettur á Akureyri, þar sem hann rekur leikfangasmiðju sem nefnist Stubbur. Umsjónarmann menningarsíðu fýsti að vita hvernig honum hefði reitt af í henni Ameríku.

„Ég var sjálfsagt með neikvæðar fyrirframhugmyndir um Bandaríkjamenn og menningu þeirra, eins og svo margir aðrir. En það saxaðist á þær þegar frá leið. Auðvitað var margt þarna úti sem mér þótti yfirgengilegt. Og margt fannst mér vera svakalega stórt í sniðum. Samt var það ekki eins óþægandi og ég hafði ímyndað mér."



Georg á járnsmíðaverkstæðinu á Haystack

Georg hafði ákveðið að venda sínu kvæði í kross og kynna sér eldsmíði.

„Ég sá þessa grein í rómantísku ljósi, svona eins og leikfangasmíðina forðum. Og gerði þá ráð fyrir að þurfa að púla í smiðju með svartskeggjuðum tröllum, en raunin var allt önnur. Bæði kennarinn, Ann Catrin Evans frá Wales, og aðstoðarkennarinn voru kvenkyns, svo og meirihluti nemendanna. Hópurinn náði afar vel saman og ég eignaðist góða vini. Mér fannst skemmtilegt hve ólíkir nemendurnir voru, sumir voru fagmenn af einhverju tagi, komnir til að kynna sér eitthvað nýtt, aðrir höfðu takmarkaða reynslu af listiðnaði. Svo var þarna fólk á öllum aldri. Vinnuaðstaðan var mjög góð, auk þess sem vinnustofur voru opnar allan sólarhringinn. Okkur var líka frjálst að fylgjast með því sem menn voru að gera á hinum námskeiðunum."



Georg blómum krýndur af amerískum starfsbróður.

Draumaferð

Hvernig vannst honum eldsmíðin?

„Ég held ég hafi aldrei svitnað eins mikið á ævinni, ekki síst vegna þess að það var mjög heitt í veðri þann tíma sem ég var þarna. Því fór fólk í sjóinn á hverjum degi til að kæla sig. Námskeiðið var þannig uppbyggt að fyrri vikuna lærðum við grundvallaratriði eldsmíði, en síðari vikuna áttum við að búa til eins konar „sveinsstykki" úr járni. Í millitíðinni var okkur uppálagt að smíða einfalda hluti, til dæmis spissa, gaffla, keðjur og tangir. Sumir suðu þetta allt saman og bjuggu til afar skrýtna skúlptúra.

Fyrst langaði mig að gera eitthvað „fríkað". Svo var fólk alltaf að spyrja mig um Ísland og því afréð ég að reyna að búa til eins konar tákn fyrir „mitt" Ísland úr járni. Ég hefði betur haldið mig við eitthvað einfaldara, því þetta reyndist mér talsvert erfitt. Enda var ég ekki búinn að læra eldsmíði nema í viku. Samt fékk ég hrós frá eldsmiðum sem bjuggu þarna í grenndinni."

Það var ekki síður félagslífið og samskiptin við aðra nemendur og kennara sem Georg þótti varið í.


„Máltíðir þarna voru meiri háttar uppákomur. Enda var hringt til þeirra eins og kirkjulegra athafna. Bæði var maturinn fjölbreyttur og hollur, og borðfélagarnir viðræðugóðir. Fyrstu dagana var viðkvæðið: Hi, what's your name" eða „What shop are you in". Út frá þessu spunnust skemmtileg samtöl, krydduð miklum fróðleik. Svo hittist fólk á kvöldin til að skoða litskyggnur með verkum eftir kennara eða nemendur, eða þá að bókmenntamenn vísiteruðu og lásu upp úr verkum sínum."

Georg bjó að þessum kynnum að námskeiðinu loknu, en þá tóku nokkrir samverkamenn hann með sér í útilegu og lóðsuðu hann síðan um Boston og New York.

„Þetta var draumaferð sem ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að upplifa. Nú dreymir mig um að komast aftur á þessar slóðir og endurnýja kynnin við bandaríska kunningja." -AI

Halldór númer eitt, tvö og þrjú?

Hver er bók aldarinnar á Íslandi? Það er Bókasamband Íslands sem spyr og fá landsmenn að greiða atkvæði um bókina í Morgunblaðinu, DV og Degi nú á föstudaginn, en auk þess á Vefbókasafninu, www.vefbokasafn.is. Auk þess munu atkvæðaseðlar liggja frammi á bókasöfnum og í bókaverslunum þá daga sem atkvæðagreiðslan stendur yfir, það er 12.–21. mars.



Hver og einn getur valið þrjár bækur og sett þær í 1., 2. og 3. sæti. Eina skilyrðið er að bækurnar séu eftir íslenska höfunda og séu gefnar út á þessari öld. Það er Bókasamband Íslands sem stendur fyrir þessari kosningu í því augnamiði að beina athygli landsmanna að bókum og bókalestri.

Úrslit kosninganna verða kynnt á alþjóðlegum degi bókarinnar, 23. apríl, og verður þá gert veggspjald með nöfnum 50–100 „bestu bókanna" og hengt upp á bókasöfnum og víðar. Umsjónarmaður menningarsíðu (mis)notar hér með tækifærið og kunngjörir sinn eigin vinsældalista. Á þeim lista er aðeins einn höfundur, Halldór Laxness, en verkin eru: 1. Heimsljós 2. Sjálfstætt fólk 3. Íslandsklukkan.

Einar Garibaldi og goðsögnin um Kjarval



Hljótt hefur verið um umræðufund sem haldinn verður að Kjarvalsstöðum í kvöld kl. 20.30 „um stöðu meistara Kjarvals sem hluta af íslenskum menningararfi og gildi hans fyrir okkar samtíma," eins og segir í fréttatilkynningu. Kveikjan að þessum fundi mun vera bráðsnjöll sýning Einars Garibaldi Einarssonar, „Blámi", sem haldin er í miðrýminu að Kjarvalsstöðum, en þar fjallar hann á lunkinn hátt um „táknræna verund" Kjarvals. Um leið er fundinum ætlað að minna á sýninguna Af trönum meistarans, sem haldin er í vestursal hússins, en hún hefur verið nefnd hér áður í þessum dálkum.

Þátttakendur á fundinum eru þeir Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur, Ólafur Gíslason blaðamaður og Guðbjörg Lind Jónsdóttir myndlistarmaður. Væntanlega tekst þeim að brjóta til mergjar „goðsögnina um hetjuna og höfundinn og gildi slíkra goðsagna fyrir menningarvitund þjóðarinnar".

Mikið aðsókn að Gerðubergi

Það hefur einnig verið fremur hljótt um þá miklu aðsókn sem myndlistarsýningar að Gerðubergi hafa fengið á undanförnum vikum. Nú um helgina var opnuð samsýning á verkum nokkurra íslenskra einfara í myndlist, sem Hannes Sigurðsson og menningarsamsteypan art.is tók saman. Á opnun fylltist húsið gjörsamlega og er það ætlan aðstandenda Gerðubergs að gestir hafi verið um 600 talsins þegar mest var, „rífandi stemmning, harmóníkuleikur og kátína," eins og einn þeirra orðaði það. Einnig seldust tólf verk listamannanna, flest eftir Þórð Valdimarsson eða „Kíkó Korríró" eins og hann nefnir sig. Sömuleiðis sýndu gestir verkum Sigurlaugar Jónasdóttur mikinn áhuga, en þau voru nær öll í einkaeigu og þar af leiðandi ekki föl. Annars staðar í bænum, jafnvel á stærstu sýningarstöðum, mæta iðulega ekki nema 2–300 manns á opnanir. Gerðuberg er augljóslega búið að „finna fjölina sína", eins og menn segja í boltanum.

Umsjón

Aðalsteinn Ingólfsson

Dúettar



Elsa Waage.

Það verður að teljast gleðiefni þegar tvær af okkar fremstu söngkonum koma saman til þess að ylja okkur um hjartarætur með söng sínum, líkt og þær Sólrún Bragadóttir og Elsa Waage gerðu á tónleikum Styrktarfélags Íslensku óperunnar á þriðjudagskvöldið. Þeim til fulltingis var svo Gerrit Schuil píanóleikari, sem er fyrir löngu búinn að hasla sér völl sem vinsælasti undirleikari sem við eigum í dag.

Efnisskráin var að mestu byggð á dúettum í bland við einsöngslög og aríur. Strax í upphafi tónleikanna runnu raddir þeirra Sólrúnar og Elsu ljúflega saman í þremur sönglögum Felix Mendelssohns, Abschiedslied der Zuvögel, Gruß og Herbstlied, þó svo öll þeirra hefðu þolað aðeins meiri fínpússningu. Dúettar eftir Benjamin Britten: Mother Comfort og Underneath the Abject Willow, sjást ekki oft á efnisskrám, enda frekar leiðinlegir, en ljóðin (eftir Montagu Slater og W. H. Auden) eru afar falleg og eiga betra skilið. Flutningurinn á þeim var líka heldur stirður, söngkonurnar allt of bundnar af nótunum og virkuðu óöruggar.

Þær náðu sér þó fljótt á strik í La Pesca og La Tegata Veneziana eftir Rossini og þá sérlega í því síðara, sem var flutt með léttri sveiflu og húmor. Bátsöngur úr Ævintýrum Hoffmanns var að sama skapi ágætlega fluttur og leikur Gerrits í intróinu afar fallega mótaður. Hinn þekkti dúett úr Lakmé eftir Léo Delibes, C'est l'heure ou je te vois sourire, var sennilega best fluttur af þeim stöllum og smaug þessi undurfagra tónlist beint að hjartanu, enda sungið blaðlaust og auðheyrt að þær áttu auðvelt með að samsama sig henni.



Sólrún Bragadóttir.

Raddir sem smellpassa

Atriði úr Madame Butterfly eftir Puccini, Scuoti quella fronda di ciliegio, var svo síðast á efnisskrá og var það vel flutt þó punktinn yfir i-ið hefði vantað uppá að maður fyndi bókstaflega angan af vorinu. Einhvern veginn hafði ég á tilfinningunni að æfingatími hefði verið af skornum skammti, því þær Sólrún og Elsa hafa allt til þess að bera að geta glansað saman, því eins og ég gat um áðan smellpassa glæsilegar og voldugar raddir þeirra saman og hvorug skyggir á hina. Samhæfingin og öryggið var bara ekki upp á það besta.

Þær skiptu svo fjórum sönglögum Johannesar Brahms á milli sín: Sólrún söng Wie Melodien ziet es og gerði það afar fallega og enn betur naut hún sín í Immer leiser wird mein Schlummer, sem er með sorglegri lögum og var það flutt af mikilli tilfinningu. Elsa söng Vergebliches Ständchen og gerði það ágætlega og lifandi, þrátt fyrir einhvern textarugling í síðasta erindi, og í Von ewiger Liebe naut sín dramatísk rödd hennar einkar vel. Elsa söng svo Habaneruna úr Carmen eftir Bizet af fullkomnu öryggi og verulegri list og það sama má segja um Je dis que rien ne m¥épouvante úr sömu óperu, sem Sólrún söng glimrandi vel. Elsa sýndi svo falleg litbrigði sinnar raddar í Amour, viens eider ma fablesse úr Samson og Delila eftir Saint-Saens sem hún söng með miklum tilþrifum og það gerði Sólrún líka í hinni frægu aríu Madame Butterfly sem var virkilega áhrifamikil í meðförum hennar og Gerrits, sem var eftir hlé í hlutverki heillar hljómsveitar og fór glæsilega með það.



Tónlist

Arndís Björk Ásgeirsdóttir